



Fundargerð fræðslunefndar.

Mánudaginn 8. janúar 2007 var fundur haldinn í fræðslunefnd Höfðahrepps kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins.

Á fundin voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Gígja Óskarsdóttir, Vigdís Ómarsdóttir, Erla Jónsdóttir, Helga Björg Ingimarsdóttir,

Auk fræðslunefndar mættu á fundinn Hildur Ingólfsdóttir skólastjóri, Elva Þórisdóttir aðstoðarskólastjóri, Erna Hreinsdóttir fulltrúi kennara og Björn Ingi Óskarsson fulltrúi foreldra undir dagskrárliðum 1-4 og Þórunn Bernódusdóttir, leikskólastjóri undir dagskrárlið 5.

Birna Sveinsdóttir formaður fræðslunefndar setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Tillaga að fjárhagsáætlun Höfðaskóla

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun næsta árs sem skólastjóri og formaður kynntu. Fram kom að launakostnaður er langstærsti hluti áætlunarinnar og nemur áætlunin samtals 74.118 þús. Skólastjóri greindi frá því að sótt hafi verið um 80% stöðugildi skólaliða m.a. vegna gæslu í búningasklefum og 30% stöðugildi námsráðgjafa. Greinagerð vegna þessa hafi verið send hreppsnefnd en var einnig lögð fram á fundinum. Fræðslunefnd mælir með ráðningu í þessi störf.

Formaður fræðslunefndar benti á að mjög erfitt sé að bæta á launakostnaðinn með nýjum störfum og að leggja beri meiri áherslu á samkenndu þar sem margir bekkir séu orðnir mjög fámennir allt niður í 8 nemendur.

Talsverðar umræður urðu um fjárhagsáætlun skólans og greindi skólastjóri m.a. frá því að í undirbúningi sé að ganga betur frá lóðinni næst skólanum og bílastæðum kennara. Þá sé einnig gert ráð fyrir endurbótum á rafkerfi og lýsingu í skólanum.

Fræðslunefndin gerði ekki athugasemdir við þá tillögu að fjárhagsáætlun sem lá fyrir fundinum.

2. Samræmd próf 4. og 7. bekkjar, niðurstöður og samanburður.

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi niðurstöður úr samræmdum prófum sem tekin voru 19.-20. október 2006

2006	Höfðaskóli	Vesturkjördæmi	Landið allt
4. bekkur ísl.	5,9	6,7	6,7
4. bekkur stærðfr.	4,3	6,7	6,7
7. bekkur ísl.	5,9	6,7	7,0
7. bekkur stærðfr.	5,5	7,0	7,3



Skólastjóri skýrði niðurstöðurnar og gerði grein fyrir því hvað lesa megi út úr þeim með tilliti til fyrri samræmdra prófa. Nokkrar umræður urðu um niðurstöðurnar og námsárangur í skólanum yfirleitt.

3. Umfjöllun skólahald það sem af er skólaársins

Skólastjóri fór yfir helstu atriði í kennslu og skólahaldi. Kom m.a. fram að sunðið var kennt seinna í vetur en hefur verið hingað til og að það hafi gengið ágætlega. Danskennsla á vegum Höfðaskóla hafi verið í haust í fyrsta skipti og tekist mjög vel.

Skólastjóri greindi frá því að þrír nemendur hafa misst nán ástvin í vetur og það hafi sett talsverðan svip á skólastarfið á haustönn. Hann lagði fram og gerði grein fyrir viðbragðsáætlun skólans vegna ástvinamissis nemenda eða starfsmanna.

Skólastjóri tók til umfjöllunar forfallakennslu við skólann og greindi frá því að einn kennari er í ótímasettu veikindaleyfi og vitað er af tveimur kennurum sem fara í fæðingarorlof, önnur í apríl og hin í maí. Vegna þessa hafi verið auglýst eftir kennara í eina stöðu sem myndi sinna afleysingum. Skólastjóri greindi frá því að ein umsókn hafi þegar borist og beindi því til fræðslunefndar að aðstoðarskólastjóri og formaður fræðslunefndar annist ráðningarferli vegna vensla skólastjóra við umsækjanda. Fræðslunefnd samþykkti að ráðið yrði í umrædda stöðu og það verklag að aðstoðarskólastjóri og formaður fræðslunefndar annist ráðningu.

4. Könnun varðandi ýmis mál er varðar skólahald.

Skólastjóri lagði fram og kynnti skoðanakönnun sem send verður öllum foreldrum þar sem kannað er hvort áhugi sé fyrir skólamáltíðum, skólagæslu og leitað eftir viðhorfi við vetrarfríum. Umræður urðu um könnunina þar sem kom fram áhugi fræðslunefndar fyrir þeim upplýsingum sem könnunin veitir.

Eftir afgreiðslu 4. liðar viku skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, fulltrúar kennara og foreldra af fundi en Þórunn Bernódusdóttir leikskólastjóri mætti á fundinn.

5. Tillaga að fjárhagsáætlun leikskólans Barnabóls

Leikskólastjóri kynnti þann hluta tillögu að fjárhagsáætlun 2007 sem snýr að rekstri leikskólans. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að stærsti útgjaldaliðurinn verði laun og reiknað með að launakostnaður nemi samtals 26.815 þús. Leikskólastjóri greindi frá helstu þáttum í fyrirkomulagi rekstrar og gerði m.a. grein fyrir starfsmannahaldi.

Ekki voru gerðar athugasemdir við þennan þátt áætlunarinnar.



6. Fjárhagsáætlun fræðslumála í heild sinni.

Fræðslunefnd fór yfir þá þætti í fjárhagsáætluninni sem að hennar málum snýr sem eru fræðslumál í sveitarfélaginu almennt. Gerði formaður grein fyrir þeim kostnaðarliðum sem þar koma fram. Umræður urðu um áætlunina en ekki gerðar athugasemdir við fyrirbyggjandi gögn.

7. Önnur mál.

Eitt mál var tekið fyrir og var það bókað í trúnaðarbók.

Fundi slitið kl. 16:15